



Í dymbilvikunni 2012

Embracing our Vision Designing our Future.
Frá orðum til athafna.

Ágætu formenn deilda.

Nú er dymbilvikunni hafin og þið efalaust í óðaönn að undirbúa páskahegina með fjölskyldum ykkar. Það væri synd að segja að mars hefði ekki liðið jafn hratt og febrúar. Undirbúningur prófa og lokaanna vetrarstarfsins blasir við.

Ég hef haft þá ánægju að vera viðstödd þrjá fundi DKG í mánuðinum, hjá Alfa deildinni minni, hjá Iota deildinni í Bolungarvík og á Selfossi hjá Epsilon deildinni.

Soffía Vagnsdóttir formaður Iotadeildar bauð mér á fund deildarinnar í Bolungarvík. Þar sem ég átti ekki heimangengt, datt okkur í hug að nú væri rétti tíminn til að nota tæknina, SKYPIÐ. Í upphafi fundar varpaði Soffía upp skjámynd af mér á stofuvegginn. Soffía gekk síðan með tölvuna um stofuna og kynnti mig fyrir fundarkonum og nýjum konum sem gengu inn í deildina á fundinum. Þetta var sérlega skemmtilegt og sýnir, hve tæknin gerir allt samstarf einfalt og auðvelt þrátt fyrir fjarlægðir. Nýtum okkur tæknina og tækifærin sem bjóðast.

22. mars brá ég mér austur fyrir fjall í snarvitlausu veðri, og sat fund Epsilon deildar í Gestshúsum á Selfossi. Í Gestshúsum ríkti sannur DKG andi, ró og friður og fundarefnið var "Mindfulness". Afar skemmtilegt og athyglivert erindi flutt af Sólveigu Hlín Kristjánsdóttur sálfræðingi hjá Greiningarstöðinni.

Á fundinum hjá Alfa deild kynnti Steingerður Kristjánsdóttir verkefnastjóri á skóla og frístundasviði Reykjavíkur verkefnið, dagur barnsins, og nýtt hlutverk frístundaheimilanna. Mjög áhugavert og fræðandi erindi.

Sumarið:

Yfir sumartímam hvílum við fundarhöldin, en hvers vegna ekki að hafa fastan tíma og stað, þar sem DKG konur hittast, spjalla saman, fara í gönguferðir. Þannig gætu myndast kynni milli félagskvenna óháð deildum og sprottið upp hugmyndir. Ég legg til að þið hugsið málið og við leggjum fram framkvæmdaáætlun á vörþinginu.



Vorþingið. 28. apríl 2012

Menntamálanefndin hefur sett upp metnaðarfulla dagskrá sem byggir á núverandi markmiðum okkar: Frá orðum til athafna. Frummælendur voru valdir með þessi orð í huga og byggja á leiðtogafærni, forystu og samstarfi.

Það er mikilvægt að stjórnir hringi í allar deildarkonur og hvetji til þátttöku. Það er uppbyggjandi, skemmtilegt og gefandi fyrir okkur að hittast, eiga saman góðan dag og mynda ný tengsl.

Sendið upplýsingar um fjölda þátttakenda úr hverri deild til formanns menntamálanefndar fyrir 20. apríl. KristínJóhannesdóttir@Reykjavik.is og á siggaragna@gmail.com.

Þáttökugjaldið er 5 þúsund krónur. Innifalið í gjaldinu eru ráðstefnugögn, morgunkaffi, léttur hádegisverður og léttar veitingar í lok þingsins.

Vinsamlegast greiðið inn á reikning okkar:

Kt. 49 10 95 23 79 Rn. 546 26 2379

Alþjóðþingið í New York City, dagana 23. – 29. Júlí

Þær konur sem verða með erindi í New York eiga rétt á styrk frá DKG og bið ég þær að hafa samband við mig.

Í DKG NEWS 1. tölublaði 2012 á bls. 12 eru allar upplýsingar um kostnað á ráðstefnunni, einnig á netsíðu okkar og alþjóðasamtakanna DKG.org

Til upplýsinga þá býður DELTA flugfélagið flug til New York á þessum tíma fyrir 67.000 krónur sem er töluvert ódýrara en ofangreint flug með Flugleiðum. Nú þegar eru nokkrar félagskonur búnar að bóka far með því frá sunnudeginum 22. til sunnudagsins 29. júlí.

Í tengslum við alþjóðþingið verður haldið námskeið sem nefnist Seminar in Purposeful Living dagana 19. – 22. júlí. í Washington DC. Ferð frá Washington D.C. til New York er hægt að panta í tengslum við námskeiðið. Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á slóðinni DKG.org. Þáttökugjaldið er 225 dollarar. Einnig eru upplýsingar um þingið á heimasíðu okkar.

Kíkið á heimasíðurnar og verið duglegar að setja inn fréttir frá deildunum og myndir.

Ég óska ykkur öllum gleðilegrar páskahátíðar og hlakka til að hitta ykkur í lok mánaðarins,

,Kærar kveðjur,
Sigríður Ragna Sigurðardóttir
forseti landssambandsins